Árið 2019, fimmtudaginn 12. desember var haldinn aðalfundur menningar og framfara-sjóðs Dalasýslu í Rauðakrossshúsinu í Búðardal.

1. Formaður Þórður Ingólfsson setti fundinn og stjórnaði honum.

2 Formaður flutti skýrslu stjórnar og lagði fram reikning ársins 2018, hagnaður ársins var 101.013.- eigið fé 5.138.375. Reikningurinn var samþykktur samhljóða.

3 Formaður minntist látins félaga séra Ingibergs J. Hannessonar og vottuðu fundarmenn honum virðingu með stuttri þögn.

4. Engin umsókn barst um styrk, en stjórnin kom með tillögu um að veita „Föndursjóði" Dvalarheimilisins Silfurtúns, styrk að upphæð kr. 200.000. Það sem má úthluta samkvæmt ársreikningi 2018 er kr. 247.000. Kr. 47.000 er frestað til næsta árs.
Tillagan var samþykkt samhljóða

5. Kosningar: Endurkosnir til tveggja ára Gísli Þórðarson og Bjarni Ásgeirsson. Varamenn voru kosnir Sigurður Rúnar Friðjónsson og Bogi Kristinsson. Þórður Ingólfsson var kosinn í stjórn sjóðsins af Dalabyggð árið 2018 og Ingveldur Guðmundsdóttir til vara.

6. Stjórnarmenn skrifuðu undir umboð og tilkynningu vegna stjórnar félagsins, til Arionbanka

7. Guðbjartur Björgvinsson spurði hvort söluandvirði húss Arionbanka í Búðardal hefði runnið til menningar og framfara-sjóðsins. Þórður sagði að erindi sjóðsins um hlutdeild í söluandvirðinu hefði ekki verið svarað.

Fleira ekki tekið fyrir. - Fundi slitið

Bjarni Ásgeirsson
- fundarritari -
Þórður Ingólfsson
Gísli S. Þórðarson
Einar Kristinsson
Guðbjartur D. Björgvinsson